



Dagskráin fékk þessa loftmynd senda síðastliðinn mánudag. Myndin fangar vel þá kuldatið sem ríkt hefur á Suðurlandi síðustu daga. Mynd: Hristo Petkov.

Elísabet í 6 manna úrslitum Idol

Á tján ára Selfyssingurinn Elísabet Björgvinsdóttir er komin í 6 manna úrslit í Idol-keppninni sem hóf göngu sína síðasta haust og stendur nú sem hæst eftir að beinar útsendingar frá stöð 2 hófust föstudaginn 12. janúar sl. Elísabet söng lag Ragnhildar Gísladóttur, Draumaprinsinn, lystilega í fyrstu beinu útsendingunni og fór algjörlega á kostum í þeirri

seinni með laginu Don't stop Beleivin með Journey og uppskar eftirfarandi ummæli frá Herra Hnetusmjör, einum dóm-aranna: „Þetta var flutningur sem rústar svona keppni. Ég hef ekki mikið annað að segja, þetta var gjörsamlega fullkomið.“

Kosninganúmer Elísabetar er 900 9001.

Viðtal við Elísabetu má finna á bls. 2.

HGL



Mynd: Stöð 2.



Myndir: Viðburðarstofa Suðurlands.

Selfyssingar blóta í 21. sinn

Í ár sóttu um 400 manns hið Ímargrómaða Selfossþorra-blót. Að sögn Karenar Einarsdóttur hjá Viðburðastofu Suðurlands sem stendur fyrir blótinu gekk kvöldið ótrúlega vel. „Mikil stemning var meðal gesta og sló leyniatriði kvöldsins rækilega í gegn en það var Eyjólfur Kristjánsson. Að auki komu Eypór Ingi, Hljómsveitin Babies, Sígga Beinteins, Gísli Einars og Stuðlabandið fram og voru þau Eva Ruza og Hjalmar kynnar kvöldsins.“

Aðspurð hvort miklar breytingar hafi orðið á blótinu frá því það var fyrst haldið árið 2002, segir Karen að það hafi verið með svipuðu sniði síðustu ár. „Um leið og verðinu hefur verið er stíllt í hóf leggjum við ávallt áherslu á góða og fjölbeytta skemmtun þar sem Selfyssingar, nýbúar og brottfluttir koma saman og efla bæjarandann, njóta þorr-anns og alls þess sem hann býður uppá. Þetta hefur ávallt verið skemmtilegt kvöld sem mun vonandi stækka og dafna um ókomna tíð.“

Þá segir Karen að Selfoss-þorrablót hafi aukið áherslu

sína á samstarf við íþróttafélögin í bænum og að blótið í ár hafi verið í samstarfi við Selfoss Körfu. „Bragi Bjarnason setti blótið og afhenti um leið Guðbjörgu Bergsveinsdóttur, formanni Selfoss Körfu 400 þúsund krónur fyrir þeirra aðkomu að blótinu. Stefnan er að sjálfsögðu sett mun herra og mun Handknattleiksdeild UMF Selfoss vera í samstarfi við blótið að ári liðnu,“ segir Karen að lokum.

Næsta Selfossþorrablót verður haldið þann 1. febrúar 2025.

HGL



Eyjólfur Kristjánsson tróð upp þorrablótinu.

Fáðu
fagmann
í verkið



Framúrskarandi
fyrirtæki 2023



PIPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

TOYOTA RAV4

ÆVINTÝRIN
BÍÐA ÞÍN



Toyota Selfossi
Fosnesi 14
480 8000



Toyota
Selfossi



#fruforseti



LÝÐRÆÐI
TJÁNINGARFRELSI
JAFNRÆÐI

www.sigridurhrund.is

Fylgdu Sigríði Hrunn á samfélagsmiðlum @fruforseti





Elisabet Björgvinsdóttir hefur heillað landann með söng sínum. Mynd: Stöð 2.



KEYRSLA.IS

Sendibíllar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is -  [/keyrsla.is](https://www.facebook.com/keyrsla.is)

Elisabet í 6 manna úrslitum Idol: „Skiptir máli að vera ég sjálf, alltaf!“

Elisabet Björgvinsdóttir, 18 ára Selfyssingur og nemandi við FSu, er komin upp í 6 manna úrslit í Idol keppninni sem verður í beinni útsendingu á Stöð 2 á morgun. Við náðum tali af þessari upprennandi söngkonu sem hefur fangað hug og hjörtu þjóðarinnar með sínum einlæga persónuleika og dásamlega söng.

Hvað var það sem dró þig út í tónlist?
Ég fór að hlusta meira á tónlist þegar ég missti afa minn 2018, þá byrjaði ég að semja og fannst það góð leið til þess að koma tilfinningunum út!

Hvernig nærðu tökum á taugunum fyrir flutning, ertu ekki stressuð?
Ég verð mjög stressuð en spennigurinn tekur yfir stressið. Mér finnst svo ótrúlega gaman að koma fram og finnst hjálpa mér að minna mig á það þegar ég verð stressuð.

„Þetta var flutningur sem rústar svona keppni. Ég hef ekki mikið annað að segja, þetta var gjörsamlega fullkomið.“ Hvernig tilfinning var að fá svona hrós frá Herra Hnetusmjör eftir flutninginn á Don't stop Beleivin?
Ég var alveg orðlaus í augnablikinu af gleði, þetta var svo góð tilfinning þar sem maður leggur sig allan fram í að gera flott atriði, það er gegguð tilfinning þegar það heppnast extra vel og maður fær hrós!

Hvað telur þú vera þinn helsta styrkleika sem söngkona og hvernig nýtir þú þér hann í framkomu?
Minn helsti styrkleiki væri örugglega hvað ég er örugg á sviði. Einnig hef ég mikla trú á sjálfri mér og það nýtist mér klárlega í svona stórrí keppni!

Hvernig finnst þér þú hafa þróast sem listamaður í keppninni?
Vá, hvar á ég að byrja! Ég hef þróast mikið sem listamaður í þessari keppni og lært mikið. Dómararnir hafa gefið mér einstakt tækifæri til að vaxa sem tónlistarkona, bæði með því að hjálpa mér að verða betri og með því að hafa trú á mér sem söngkonu. Ég hef lært helling inn á sjálfa mig og hvað það skiptir mig miklu máli að vera ég sjálf, alltaf!

Ef það væri eitt lag sem myndi lýsa þér sem listamanni, hvaða lag væri það?
Það væri lagið dont stop Beleivin, aðallega vegna þess að það er svo skemmtilegt og titillinn auðvitað góður á laginu þar sem það skiptir miklu máli að trúa á sjálfan sig í tónlistarheiminum.

Hvaðan færðu innblástur fyrir lagavali?
Í Idol er alltaf þema í hverjum þætti og ég er mikið að skrolla á spotify að reyna að finna mér lög sem henta þemanu, sem hefur gengið vel!

Kemur þú úr tónlistar fjölskyldu?
Ég myndi segja já, það eru margir í minni fjölskyldu sem hafa mikinn áhuga á tónlist og ýmist syngja mikið eða spila á hljóðfæri. Afí minn er algjör söngfugl og ég vil meina að ég hafi fengið tónlistargen frá honum!

Hvað af því sem dómararnir hafa sagt tekur þú mest til þín og hvernig hafa þau haft áhrif á það hvernig þú kemur fram?
Vá, góð spurning. Ég hef klárlega lært að taka gagnrýni og

nýta hana í að verða betri söngkona og það var eitt af því sem dómararnir vildu sjá, hvort ég gæti tekið gagnrýni.



Ef þú mættir starfa með einhverjum tónlistarmanni, lífs eða liðnum, hvaða tónlistarmaður væri það og hvernig tónlist/hvaða lag mynduð þið flytja?

Það eru óteljandi tónlistarmenn sem ég myndi vilja vinna með! Mér finnst eitt-hvað spennandi við það að gera lag með rappara, þar sem það er blanda af rappi og söng. Þannig ég verð að segja Herra Hnetusmjör.

Hvernig gengur að samvinna það að vera trú sjálfri þér og standast væntingarnar sem gerðar eru til þín í svona keppni?
Það gengur mjög vel. Ég hef svo mikla trú á sjálfri mér, svo er frábært teymi með mér sem hjálpar mér í einu og öllu sem gerir þetta svo ótrúlega skemmtilegt!

Ef þú horfir fram á veginn, hvernig sérðu fyrir þér að tónlistarferillinn þinn komi til með að þróast eftir keppnina?
Ég ætla klárlega að nýta þetta tækifæri í að þróa mig enn frekar sem tónlistarkonu, mig dreymir um að gefa út lag á þessu ári sem vonandi gengur upp!

Einhver skilaboð til Sunnlendinga í lokin?
Ég vil þakka innilega fyrir kveðjurnar sem ég hef fengið, þetta drifur mann áfram og maður finnur klárlega fyrir hvatningastraumum allsstaðar frá!

Kosninganúmer Elisabetar er 900 9001. HGL



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Sigrún Þorsteinsdóttir,
frá Stóra-Hálsi, Grafningi.

Lést á Hjúkrunarheimili Ás, Hveragerði, fimmtudaginn 4. janúar. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Hjúkrunarheimilinu Ási fyrir hlýja og góða umönnun. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Dagný H. Vilhjálmisdóttir
Friðjón Ágúst Vilhjálmsson
Jón Steinar Vilhjálmsson
Una Vilhjálmisdóttir
Ásdís Lilja Ársælsdóttir
Dóra Bryndís Ársælsdóttir
Hannes Grétar Ársælssson
Guðgeir Eiður Ársælssson

Valur Heiðar Einarsson
Guðrún Jóhannesdóttir
Örn Ragnarsson
Magnús Örn Haraldsson
Jónína Júlíusdóttir

Barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.



SUMAR 2024

Sumarstörf hjá Landsvirkjun

Við leitum að kraftmiklu ungu fólki í fjölbreytt sumarstörf fyrir háskóla-, iðn- og tækninema sumarið 2024.

Kynntu þér hvað er í boði og sæktu um á
landsvirkjun.is/sumarstorf



Búrfellslundur. Mynd: Skeiða- og Gnúðverjahreppur.

„Glapræði að byggja vindorkuver á virku eldfjallasvæði“

Í fréttatilkynningu frá Skeiða- og Gnúðverjahreppi segir að þann 17. janúar sl. hafi Landsvirkjun auglýst fyrirhugað útböð á vindmyllum fyrir Búrfellslund og að Sveitarstjórn mótmæli harðlega vinnubrögðum Landsvirkjunar í undirbúningi að Búrfellslundi og bendir á að stjórnvöldum sé ekki heimilt að veita leyfi tengt Búrfellslundi samkvæmt lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun.

„Búrfellslundur sem samþykktur var í nýtingarflokk af Alþingi í júní 2022 var hannaður í mismunandi útfærslum í Skeiða- og Gnúðverjahreppi og Rangárþingi Ytra. Í umhverfismatinu sem liggur til grundvallar afgreiðslu Rammaáætlunar og Alþingis er gert ráð fyrir að nýta núverandi raforkuinnviði svæðisins sem að megninu til eru í Skeiða- og Gnúðverjahreppi. Virkjanakosturinn Búrfellslundur sem samþykktur var í nýtingarflokk samkvæmt lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun 48/2011 er því háður samþykki bæði Skeiða- og Gnúðverjahrepps og Rangárþings Ytra. Þann 8. júní 2023 nýtti sveitarstjórn Skeiða- og Gnúðverjahrepps sér 7.gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlunar nr. 48/2011 og fór fram á frestun á virkjanakostinum. Skýrt kemur fram í lögnum að sé farið fram á frestunina skuli fara með virkjanakostinn eins og hann sé í biðflokki og því er stjórnvöldum ekki heimilt að veita leyfi tengt virkjanakostinum,“ segir í tilkynningunni.

Þá telur sveitarstjórnin það áamælisvert að Landsvirkjun

skuli reyna að fara í kringum lög og vinna gegn hagsmunum nærsamfélagsins. Slík vinnubrögð séu ekki til þess að skapa sátt um komandi orkuöflun sem nauðsynlegt sé að ráðast í.

Óbætanlegt tjón til framtíðar

Í tilkynningunni er einnig minnst á að Búrfellslundur sem Landsvirkjun vinni að muni verða griðarlegt inngrip í hálendi Íslands með sjónrænt áhrifasvæði í kringum 1.000 ferkílómetra. „Búrfellslundur mun takmarka möguleika Skeiða- og Gnúðverjahrepps til uppbyggingar í ferðaþjónustu og útivist á svæðinu. Sú útfærsla af Búrfellslundi sem nú er kynnt er á sveitarfélagarmörkum Skeiða- og Gnúðverjahrepps og Rangárþings Ytra. Ljóst er að ekkert sveitarfélag getur samþykkt að slík uppbyggingaráform verði keyrð áfram gegn vilja sveitarfélags. Fyrirhugaður Búrfellslundur er innan miðhálandislínunnar. Aðeins rúm 2 km eru frá skilgreindu svæði Búrfellslundar að Þjóðlendunni í Þjórsárdal þar sem er að finna stærstu friðlýsingu minja á Íslandi. Bygging Búrfellslundar myndi vinna gegn hagsmunum nærsamfélagsins og valda óbætanlegu tjóni til framtíðar.“

2,5 milljarðar á ári eða 1,7 milljarður á dag

Að auki segir að Búrfellslundur muni valda margfalt meira tjóni fyrir íslenskt samfélag heldur en sú orka sem hann eigi að skapa til skamms tíma. Búrfellslundur muni framleiða 440GWst á ári og miðað við meðalverð Lands-

virkjunar á rafmagni þýði það 2,5 milljarðar í tekjur á ári. „Til að setja hlutina í samhengi þá voru tekjur ferðaþjónustu á Íslandi árið 2022 1,7 milljarður á dag eða 635 milljarðar á ári samkvæmt upplýsingum frá viðskiptaráðuneytinu. Hálendi Íslands er mun verðmætara fyrir þjóðina óraskað í ferðaþjónustu og útivist heldur en að raska því með vindmyllum sem hægt er að staðsetja um land allt. Þess má geta að mun meiri orka fengist með því að laga flutningskerfi raforku og nýta ónýtt afl í núverandi virkjunum Landsvirkjunar.“


Sveitarstjórn þykir einnig mikilvægt að benda á að um 50% af uppsettu aflí Landsvirkjunar sé á Þjórsár- og Tungnaáarsvæðinu, í kringum 1.050MW, þar sem Búrfellslundur á að rísa. Flestir ónýttir virkjunarkostir Landsvirkjunar í vatnsaflí séu á Þjórsár- og Tungnaáarsvæðinu og hægt að auka uppsett afl með nýju vatnsaflsvirkjunum og stækkun á núverandi vatnsaflsvirkjun upp í u.þ.b. 1.800MW.

Glapræði að dreifa ekki áhættunni

Þá segir að í ljósi náttúruhamfara á Reykjanesi sé glapræði að ætla að byggja vindorkuver sem er óháð staðsetningu á virku eldfjallasvæði og á sama stað og flestar vatnsaflsvirkjanir landsins, frekar en að dreifa áhættunni og leggja áherslu á að staðsetja vindorkuver á öðrum svæðum en Þjórsár- og Tungnaáarsvæðinu. Áhættan af því að byggja Búrfellslund sé einfaldlega af mikil með þjóðaröryggi landsins í húfi.



Sunnlenski matgæðingurinn



Birna Aðalheiður Árdal Birgisdóttir er sunnlenski matgæðingur vikunnar að þessu sinni.

Bestu þakkar til elsku, bestu Málfríðar minnar. Ég ákvað að flækja þetta ekki of mikið. Ég vildi endilega hafa fjölskyldubema yfir uppskriftunum sú fyrri er elskuð af börnunum og sú seinni er elskuð af öllum... en getur verið búin til af börnunum.

Hér á mínu heimili byrjuðum við fyrir tveimur jólum að leyfa börnunum okkar að velja forréttinn á aðfangadag sem er snæddur áður en farið er í jólaheita pottinn. Í bæði skiptin völdu þær kjúklinganagga. Hér kemur sú uppskrift:

Airfryer kjúklinganaggar

Einn pakki af kjúklingalundum
2 dl panko raspur
1 dl rifinn parmesan (best að rífa hann sjálf)
Salt og pipar
1 egg

Gott er að forhita Airfryerinn á meðan á undirbúningi stendur í 200°C.

Hver kjúklingalund er skorin í þrennt, þannig að allir bitarnir eru sirka jafn stórir. Blandið panko raspinum og parmesan ostinum saman í rúmgóða skál og kryddið með salti og pipar.

Hrærið eggdið í rúmgóðri skál.

Kjúklingabitunum velt upp úr egginu og í kjölfarið upp úr rasp blöndunni.

Eldið í airfryerinum í sirka 10 mínútur á 200°C, eða þar til hann er eldaður í gegn. Snúið nóggunum eins oft og þið nennið, þá verða þeir stökkir og góðir að utan.

Gott er að bera naggana fram með sósu til að dýfa í. Ég hef keypt litla gler sprittkertastjaka og sett í þá buffalo-sósu, tómatsósu og BBQ-sósu.

Stundum þarf maður eitthvað aðeins í eftirrétt. Einn góðan



mola með kaffinu... eða góða lúku eftir langan og erfiðan dag. Ég dæmi engann. Hér er auðvelt góðgæti sem litlar hendur geta aðstoðað með. Til eru milljón útgáfur af þessum molum á veraldarvefnum en mér finnst þeir einföldustu vera bestir.

Oreo trufflur

3 lengjur af Oreo kexi
200 g rjómaostur
200 g súkkulaði

Takið frá 2 til 3 kexkökur og geymið. Setjið afganginn af kexinu í matvinnsluvél og myljjið þær niður.

Bætið rjómaostinum í matvinnsluvélina og hrærið því saman við mylnslurnar svo það verði að svörtu deigi.

Búið til kúlur úr deiginu (kjörið fyrir börnin að spreyta sig á því)

Gott er að kæla kúlurnar á meðan súkkulaðið er græjað, en ekki nauðsynlegt.

Bræðið helminginn af súkkulaðinu yfir vatnsbaði. Ég saxa hinn helminginn og hræri við bráðið súkkulaðið. Með þessu verður það hér um bil temprað (já ég veit, styttri leið en ég er lítill bakari).

Veltið Oreo-kúlunum upp úr súkkulaði, setjið á bökunarpappír og kælið kúlurnar.

Kjörið er að skreyta kúlurnar með afgangi Oreo-kökumylnslum eða röndum af hvítu súkkulaði.

Ég vil skora á mína dásamlegu vinkonu, frænku og nágretta Hrafnhildi Magnúsdóttur að vera næsti matgæðingur vikunnar. Hrafnhildi á marga, marga góða rétti til að deila með ykkur og vona ég að þetta verði henni ekki of mikill höfuðverkur.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveg 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.

Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 956 0673, helga@dfs.is.

Bláðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Auglýsingaeld: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar systur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Visnagátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókagáfan HÖLAR

Mannsnafn þetta algengt er, uppá himni sýndur þér. Oftast hann um ísa flakkar, einn íburt mun þýða krakkar.

Svar við gátu í blaði 2735: GJÖF
1. Ágjöf - 2. Gjöf í spilum
3. Heygjöf - 4. Jólagjöf





Opni kynningarfundur Vegagerðarinnar í Vík var vel sóttur.

Vel sóttur kynningarfundur í Vík

Fjöldi manns sóttu opinn kynningarfund um mat á umhverfisáhrifum færslu Hringvegjar um Vík í Mýrdal sem Vegagerðin hélt í félagsheimilinu Leikskálum. Var almenn ánægja með fund af þessu tagi en fulltrúar Vegagerðarinnar og VSÓ ráðgjafar svöruðu spurningum þeirra sem þess óskuðu.

Fundurinn stóð í þrjá tíma með því sniði að umhverfismatsskýrslan, teikningar m.a. af þeim veglínunum sem teknar eru fyrir, myndir af framkvæmdum fyrir og eftir lá frammi til skoðunar og sérfræðingar svöruðu spurningum og útskýrðu betur

hvað felst í því mikla starfi sem lagt hefur verið í við þetta mat. Ekki voru haldin nein framsöguerindi en gestum gafst tækifæri að átta sig betur á því sem liggur að baki hverri tillögu.

Fundurinn var mjög vel sóttur. Á tímabili voru um 60 manns í einu í húsinu og reikna má með að í allt hafi um 100 manns sótt fundinn og aflað sér betri upplýsinga. Fundargestir lýstu og skoðunum sínum á mismunandi kostum sem eru til skoðunar í matinu. Ekki voru allir á einu máli og augljóst að fólk sér mjög mismunandi kosti og galla á þeim leiðum.

Margir nefndu að mikil og góð vinna hefði farið fram og þökkðu fyrir það auk þess að lýsa ánægju yfir fundi sem þessum sem hefði skýrt myndina til muna.

Kynning á umhverfismatsskýrslunni fer fram annars fram í Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar og er kynningartími til 29. janúar og er opið fyrir athugasemdir til þess tíma. Fundargestir voru og eru hvattir til þess að skila inn sem flestum athugasemdum en brugðist verður við þeim öllum og spurningum svarað.

Vegagerðin

Garðfuglahelgin 2024

Árlega fitjar Fuglavernd upp á talningu garðfugla yfir eina helgi. Venjulega er um að ræða síðustu helgina í janúar. Gott er að hefja undirbúning talningar nokkrum dögum áður með því að hefja daglegar föðurgjafir til að lokka að fugla. Að þessu sinni verður Garðfuglahelgin 26.-29. janúar.

Framkvæmd athugunarinnar er einföld. Það eina sem þátttakandi þarf að gera er að fylgjast með garði í einn klukkutíma yfir tiltekna helgi. Skrá hjá sér hvaða fugla viðkomandi sér og mesta fjölda af hverri tegund á meðan athuginin stendur yfir, þ.e. þá fugla sem eru í garðinum en ekki þá sem fljúga yfir. Ekki má leggja saman. Þetta er til að forðast tvítalningar á sama fuglinum, sem ef til vill kemur á 15 mínútna fresti í garðinn. Þá er hann skráður sem 1 fugl ekki 4.

Að lokinni athugin skal skrá niðurstöður t.d. rafrænt á vef Fuglaverndar www.fuglavernd.is. Ef fuglunum er ekki gefið reglulega þá er gott er að hefja undirbúning talningar nokkrum dögum áður með því að gefa daglega til að lokka að fugla. Misjafnt er hvaða föður hentar hverri fuglategund. Epli eru vinsæl hjá mörgum fuglum og auðvelt að koma þeim fyrir með því að skera þau í tvennt eða stinga kjarnann úr þeim og festa á trjágrein. Auðnutittlingar þiggja



Silkitoppa. Ljósmynd: Jóhann Óli Hilmarsson.

eingöngu fræ t.d. sólblómafræ en starar þiggja alls konar föður.

Nánari upplýsingar um garðfugla og föðrun þeirra er hægt að finna á vef Fuglaverndar og í garðfuglabæklingi félagsins sem kaupa má í vefverslun á www.fuglavernd.is sem og föðurhús og föður sem selt er til styrktar félaginu.

Minnt er á að fólk þarf ekki endilega að eiga garð til að gefa og telja fugla í heldur er hægt að koma sér fyrir í almenningagarði en slíkir eru víða í sveitarfélögum landsins og þar er hægt að vera í fuglaskoðun og telja fugla.



Vaktstjóri í lokavöru

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Stóriðju reynsla
- Eitt ár í leiðtogahlutverki æskilegt en ekki nauðsyn
- Öryggis og umhverfisvitund
- Mikil mannleg færni og leiðtogahæfileikar
- Hæfni til að leiða teymi
- Hæfni til að vinna eftir ferlum
- Lausnamiðuð greining vandamála
- Umbótavinna
- Teymisleidd markmiðasetning
- Jákvæð og góð samskipti
- Góð enska bæði í töluðu og rituðu mál

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Öryggisatferlar
- Mannaforráð
- Framleiðsluferlar
- Gæðastjórnun
- Auðlindastjórnun
- Umhverfisvitund
- Samskipti
- Umbætur á ferlum og kerfum
- Innleiðing stefnu

Við hvetjum fólk til að sækja um óháð kyni. Við viðurkennum nám í stóriðjuskóla annarra fyrirtækja.

Umsóknarfrestur til 31.janúar 2024.

Umsóknir og frekari upplýsingar:
Marella Steinsdóttir,
mannauðsstjóri
marella.steinsdottir@pcc.is



SUB EHF

HLJÓÐ - LJÓS - MYND
ALLT SEM VIÐKEMUR TÓNLIST

subkerfi@gmail.com

8467713



Auglýsing um skipulagsmál í Rangárbæingum eystra

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga vegna deiliskipulags í Rangárbæingum eystra.

Eystra-Seljaland F7 – Nýtt deiliskipulag

Deiliskipulagið tekur til uppbyggingar á 150 herbergja hóteli og starfsmannahúsnæði á sitt hvorum byggingarreitum. Heimilt verður að byggja 6.000 m² hótél á einni til tveimur hæðum og hámarkshæð byggingar er allt að 11 m. frá gólfkóta. Á öðrum byggingarreitum verður hámarksbyggingarmagn 900 m² á einni hæð.

Ofangreinda deiliskipulagstillögu er hægt að skoða á heimasíðu Rangárbæings eystra, í Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 24. janúar 2024. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillöguna, og er frestur til að skila inn athugasemd til og með 6. mars 2024. Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárbæings eystra, að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er aðalskipulagstillaga auglýst í Rangárbæingum eystra

Jarðstrengur milli Rimakots og Vestmannaeyja – Aðalskipulagsbreyting

Með aðalskipulagsbreytingunni er verið að heimila að leggja tvo jarðstrengi að Vestmannaeyjum, Vestmannaeyjalínu 4 og Vestmannaeyjalínu 5. Meginmarkmið aðalskipulagsbreytingarinnar er að koma upp fullnægjandi tvítengingu Vestmannaeyja við flutningskerfi raforku á Suðurlandi.

Hægt að nálgast skipulagstillöguna á heimasíðu Rangárbæings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar frá 24. janúar 2024 með athugasemdarfrest til og með 6. mars 2024. Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárbæings eystra, að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

F.h. Rangárbæings eystra,
Þóra Björg Ragnarsdóttir

Fulltrúi skipulags- og byggingarsviðs.

Les að öllu jöfnu mikið eftir þýska höfunda

segir lestrarhesturinn Kristín Jóhannsdóttir

Kristín Jóhannsdóttir er fædd árið 1960 og uppalin í Vestmannaeyjum. Eftir stúdentspróf frá MH flutti hún til Noregs, bjó og vann í Osló í tvö ár. Í framhaldinu settist hún að í Þýskalandi, og bjó þar bæði í austur og vesturhlutanum í um tuttugu ár. Kristín stundaði nám í Freiburg, Berlín og Leipzig og lauk magisterprófi í bókmenntum og sagnfræði árið 1991 frá Freie Universität í Berlín. Kristín var fréttaritari Ríkisútvarpsins í Berlín frá 1990 til 2000 en tók þá við PR- og markaðsdeild Icelandair í Frankfurt. Árið 2004 lá leiðin aftur til Íslands. Hún hefur stjórnað Eldheimasafninu í Vestmannaeyjum frá opnun þess árið 2014.

Hvaða bækur ertu að lesa núna?
Ég las eina bók um jólin, Ból sem er nýjasta skáldsaga Steinunnar Sigurðardóttur, óskaplega fin og vönduð saga, ekki að ég hafi átt von á einhverju öðru frá Steinunni. Hún er ein af mínum uppáhalds. Skáldsaga hennar Tímabjórurinn er á mínum topp 10 lista yfir uppáhalds bækur ásamt Veröld sem var eftir Stefan Zweig og Mephisto eftir Klaus Mann. Svo tók ég mér tvær bækur í frið þar sem ég er í Praia á Grænhöfðaeyjum ásamt sambýlismanni mínum. Ég á eftir að lesa nýjstu bók Auði Övu Ólafsdóttur DJ Bambi en ég er búin með hina bókina VAR ER OG VERÐUR BIRNA sem er æfisaga Birnu Þórðardóttur eftir Ingibjörgu Hjartardóttur. Birna er meira en einstök og ef það er einhver sem staðið hefur með sjálfri sér og sinni sannfæringu þá er það Birna Þórðardóttir og mikið er sagan hennar vel skrifuð af Ingibjörgu. Bókin sjálf er líka einstaklega glæsileg. Myndskreytt með fallegum og vönduðum myndum sem eru teknar og valdar af Rannveigu Einarsdóttur.

Hvers konar bækur höfðu helst til þín?

Þær verða að hafa einhvern boðskap og tengingar við raunveruleikann. Ég hef mjög takmarkaðan áhuga á glæpasögum og þaðan af síður á vísindaskáldsögum. Hef reyndar lesið allflest af skáldsögum Yrsu Sigurðardóttur. Þær eru svo skemmtilega uppbyggðar, nán-



ast eins og spennumyndahandrit. Ég er líka svo mjög ánægð með að hún er með Vestmannaeyja tengingar í þremur af sínum verkum.

Ertu alin upp við bóklestur?

Í æsku voru lesnar fyrir okkur klassískar smábarnabækur en man ekki alveg hverjar voru þær fyrstu. Ég man aftur vel eftir Disu ljósálfi og dvergnum Rauðgrana, einhverja hluta vegna, já og svo þótti líka í lagi að lesa Bláskjá í mínu ungðæmi. Ég fór snemma að lesa sjálf og þá voru það Fimm bækurnar og Ævintýrabækurnar eftir Enid Blyton til að byrja með. Uppáhalds bækurnar mínar eru líklega þær sem ég valdi fyrir syni mína. Palli var einn í heiminum var mikið lesin og svo Janoch bækurnar sem líka eru svona bækur með boðskap um hvernig menn, börn og dýr geti unað glöð við sitt.

Hvernig myndir þú lýsa lestrarvenjum þínum?

Ég hef þær lestrarvenjur að vera alltaf með svona eina til þrjár bækur á náttborðinu og les flest kvöld áður en ég sofna. Ég tek eiginlega alltaf bækur með mér í ferðalög bæði stutt og löng. Ég er svo nýrðin eigandi að Kindl sem á vonandi eftir að spara pláss og bókaburð í framtíðinni.

Einhverjir uppáhaldshöfundar?

Ég er með magister gráðu í þýskum bókmenntum og les því að öllu jöfnu mikið eftir þýska höfunda og fylgist vel með því sem er að gerast í þýska bókmenntaheiminum. Ég tel alltaf fyrst upp Klaus Mann þegar ég er spurð um uppáhaldshöfund. Hann telst ekki til bestu rithöfunda heimsbókmenntanna, en

hann hafði mikil áhrif á mig og ég skrifaði lokariterðina mína um hann. Bók hans MEPHISTO sem fjallar um það hvernig listamaður í þriðja ríki Nazista selur sál sína fyrir frægð og frama er stórkostleg. Ég veit ekki til þess að hún hafi verði þýdd yfir á íslensku. En kvikmynd eftir bókinni fékk Óskarsverðlaun á sínum tíma.

Ég held mikið upp á svissneskan höfund sem heitir Martin Suter. Hann hefur einstakt lag á að skapa og fletta ofan af persónum sem eiga sér sögu og fortíð sem þola ekki dagsljósið.

Bernard Schlink er áhuga-verður en hans þekktasta bók er Lesarinn. Ég les allt sem kemur frá öðrum mögnum samfélagshöfundum að nafni Ferdinand von Schirach. Bækur hans fjalla mikið um mannlegan breyskleika, lög, glæpi og refsingar.

En uppáhaldstextar?

Það sem skiptir mig öllu er að textar séu góðir og áhugverðir því þá skiptir innihaldið oft minna máli. Ég er mikill aðdáandi japanska ritöfundarins Haruki Murakami. Bækur hans eru margar hverjar 6 til 800 blaðsíður. Hann heldur manni hinsvegar alveg við efnið þó ekkert gerist inn á milli annað en að söguhetjan fái sér kaffi og fari í sokkana. Ég les líka þó nokkuð um sögu og pólitík, minn uppáhalds á þessu sviði heitir Stefan Aust, blaðamaður og ritstjóri Der Spiegel til margra ára. Ég er yfirhöfuð mjög hrifin af þýskri fréttamennsku. Þýskir fréttamenn á stóru þýsku miðlunum eru yfirhöfuð klárir, reyndir og vandvirkir.

Hefur bóklestur rænt þig svefni?
Það er reyndar ekki oft sem bækur ræna mig svefni. Ef einhverjum höfundum hefur tekist það, þá er það helst áður enfundur Martin Suter og Yrsa Sigurðardóttir.

En að lokum Kristín, hvernig bækur myndir þú skrifa sem rithöfundur?

Það vill nú svo skemmtilega til að ég hef skrifað og gefið út eina bók Ekki gleyma mér saga sem byggð er á minni eigin reynslu af lífinu í gamla austur-þýska alþýðulýðveldinu.

Ég er aðeins farin að huga að annarri bók sem einnig mun verða með einhver tengsl við raunveruleikann án þess að ég vilji fara nánar út í innihaldið.

**Tillögur að áhugaverðum lestrarhestum
berist á netfangið jonozur@gmail.com**

Fréttir af Kvenfélagi Selfoss

Sjötugasta og sjötta starfsár Kvenfélags Selfoss er nýhafið. Þetta tæplega 76 ára félag er síungt og býr svo vel að hafa á að skipa duglegum konum sem láta sig góð málefni varða. Á nýliðnu ári voru veittar gjafir og styrkir fyrir rúmlega 2.6 milljónir króna. Það sem m.a. var styrkt var HSU, Sjóðurinn Góði, Árblik dagvistun aldraðra, Kotið dagdvöl, Eldheimar dagvistun, sérdeild Sunnulækjarskóla, Ungmennahús Árborgar, og fl.

Og hvernig öflum við svo þessara peninga, jú dagbókin Jóra kom út eins og s.l. 30 ár og rúmlega það. Hún er alltaf jafn vinsæl, þó margir segist hætta að nota slíkar bækur, þá hefur hún að geyma margar hagnýtar upplýsingar símaskrá hjá fyrirtækjum á svæðinu að ógleymdum uppskriftum. Aðeins örfá eintök eru enn fánleg af þessari ágætu bók.

Félagið er með minningarkort fyrir Sjúkrahússjóð Kvenfélags Selfoss og ágóðinn rennur óskiptur til Heilbrigðisstofnunar Suðurlands.

Haldin var hlutavelta, ekki bara einu sinni, heldur tvisvar á árinu.

Og í upphafi nýliðins árs tók félagið að sér að sjá um kaffi á Opnu húsi hvern fimmtudag hjá félagi eldri borgara á Selfossi. Fengnar voru 4 öflugar konur til að hafa umsjón með þessari vinnu, þær sjá um alla skipulagningu,

fá félagskonur til að baka og vinna og baka einnig sjálfar og vinna. Þetta er mikil vinna en þakklát og skemmtileg, og vel hefur gengið að fá konur í lið með sér. Þannig hjálpa félagar í FEBSEL félaginu að styrkja góð málefni með því að kaupa sér kaffi og meðlæti á þessum fræðandi og skemmtilegu Opnu húsum.

En við, þessar tæplega 100 konur í Kvenfélagi Selfoss gerum okkur líka sitthvað til dægrastyttingar, fáum fræðandi og skemmtilega fyrirlesara á fundi, bregðum undir okkur betri fætinum og förum í styttri og lengri skemmtiferðir. Nú í vor stendur til að halda upp á 75 ára afmælið, sem var að vísu á síðasta ári, með ferð til Dublin, það verður ekki leiðinlegt.

Að vera félagi í kvenfélagi er gefandi og skemmtilegt, maður eignast góðar vinkonur, lærir sitthvað nýtt og nytsamlegt og fyrir konur sem eru nýfluttar í bæjarfélagið er það kjörin leið til að kynnast og fræðast. Við tökum glaðar á móti nýjum félagskonum, það er bara mæta á fund þeir eru að jafnaði haldnir í Selinu við Engjaveg 44 annan þriðjudag í mánuði kl. 20.00 eða handavinnu- og spjallkvöld þriðja þriðjudag í mánuði á sama stað og tíma. Fundir eru auglýstir á fésbókarsíðu félagsins og oftast einnig á íbúasíðum.



HVERAGERÐISBLÓTIÐ

2024

UNNUR & MATTI BIRNA & MATT

Á SAMT HLJÓMSVEIT

VEISLUSTJÓRI ÖRN ÁRNASON

10. FEBRÚAR

FOSS

STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

Opnað verður fyrir umsóknir í íbúð FOSS á Spáni frá og með 31. janúar til 14. febrúar.

Sótt er um tímabil á Orlofsvef FOSS. Þið sjáið á Orlofsvefnum hvaða tímabil þetta eru.

www.foss.bsrb.is

Starfsfólk FOSS

Námskeið

fyrir byggingamenn á Suðurlandi

1. febrúar Mannvirkjaskrá

Þetta námskeið er fyrir byggingarstjóra. Tilgangur þess er að fræða þátttakendur um Mannvirkjaskrá til auðvelda þeim notkun á henni.

Farið verður yfir uppbyggingu, virkni og helstu aðgerðir sem byggingarstjórnar þurfa að framkvæma við áfangaúttektir. Þátttakendur munu vinna með Mannvirkjaskrána og eru beðnir um að mæta með eigin tölvur á námskeiðið. Námskeiðið er haldið í samvinnu við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og eru leiðbeinendur sérfræðingar HMS.

Leiðbeinandi: Jónas Þórðarson, sérfræðingur HMS

Staðsetning: Selfoss, Austurvegur 56

Tími: 1. febrúar, kl. 13:00 - 15:00.

:: Upplýsingar og skráning á www.idan.is

ÖFLUGIR VARTA RAFGEYMAR



Skoðaðu vöruúrvalið á www.bilanaust.is

Bilanaust Hrísmýri 7,
800 Selfossi
S. 484 4200

Opið
Mán - fös 8 - 18
Lau 10 - 14



HVERAGERÐISBÆR

*Hveragerðisbær óskar eftir
tilboðum í verkið:*

Sambýlið Birkimörk – Útveggjaklæðning

Verkið gengur út á að skipta út núverandi klæðningu hússins sem er múrkerfi og setja upp nýja læsta áklæðningu með standandi lás, með öllum frágangi. Magn áklæðningar er 332 m².

Tilboðið er opið útboð eins og því er lýst í ÍST 30:2012.

Verkkaupi mun á verktíma leggja áherslu á vandaða umgengni um framkvæmdasvæðið.

Verkkaupi leggur til gáma undir klæðningu og kostar losun þeirra.

Vakin er athygli á að bjóðandi má reikna með að leitað verði eftir staðfestingum á að bjóðandi sé ekki í vanskilum með opinber gjöld, og að bjóðandi hafi fjárhagslega getu til að ljúka verki.

Verklok eru 1. september 2024.

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi. Senda skal beiðni um útboðsgögn á netfangið runolfur@hveragerdi.is og gefa upp nafn bjóðanda, kennitölu, heimilisfang, síma og netfang.

Fyrirspurnir skal senda á runolfur@hveragerdi.is fyrir kl. 12.00 föstudaginn 16.02.2024.

Tilboðum skal skila í lokuðu umslagi merktu „Birkimörk Tilboð“ og nafni bjóðanda, á bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar, Breiðumörk 20, 810 Hveragerði, fyrir kl. 11:00, miðvikudaginn 21.02.2024 þar sem þau verða opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.“

Allir með á Selfossi

Þau Ófeigur Ágúst Leifsson, formaður Suðra og Þórdís Bjarnadóttir ritari hafa gælt við það síðan árið 2011 að bjóða upp á íþróttir fyrir börn með sérþarfir. „Snemma árs 2023 kom tækifærið að fara af stað með slíkt starf þegar Allir með, samstarfsverkefni ÍSÍ, UMFÍ og ÍF var hrint af stað. Í byrjun desember 2023 fórum við á fund með deildarstjóra frístundaþjónustu Árborgar. Á þeim fundi ræddum við tíma í íþróttahúsi og hvernig við myndum hugsa okkur að byrja,“ segja Ófeigur og Þórdís.

Þau ákváðu í kjölfarið að drífa sig af stað og stefndu að því að byrja 14. janúar á nýju ári með það að markmiði að byrja þó það yrðu ekki fleiri en tvö börn skráð. „Við sóttum um styrk í sjóðinn Allir með og fengum styrk upp á 1.000.000.- Við útbjuggum auglýsingu sem velferðarsvið Árborgar sá um að senda á foreldra og forráðamenn allra barna á grunnskólaaldri, auk elstu barna í leikskólum, með skilgreinda fötlun. Strax komu skráningar frammar okkar vonum.“ Þann 14. janúar mættu hvorki meira né minna en 17 börn á aldrinum 5-14 ára og nokkuð augljóst að þörfin er mikil.



„Í fyrsta tímanum vorum við aðallega að sjá og kynnast börnunum, sjá hvar þau standa í færni og áhuga. Við fengum til liðs við okkur Lindu Ósk Þorvaldsdóttur iðjuþjálfara og fimleikaþjálfara sem einnig er með mikla reynslu í vinnu með fötluð börn. Hún skipulagði tímann með upphafi miðju og enda,“ bæta þau við.

Markmið þeirra með tímumum eru m.a. að finna styrkleika og áhuga barnanna og gefa þeim tækifæri á að æfa þá íþrótt sem

þau hafa áhuga á, meta stuðningsþörf þeirra og veita þeim þann stuðning sem þau þurfa. Leiðir þeirra að markmiðunum eru meðal annars að kynnast börnunum og fá forráðamenn til aðstoðar við að finna styrkleika og áhuga barnanna. Þá munu þau fá til sín gestaþjálfara frá UMFS til að kynna fjölbreyttar æfingar fyrir börnunum og aðstoða við að verða þeim úti um þann stuðning sem þau þurfa til að geta æft með jafnöldrum þær íþróttir sem þeim langar að iðka.

Helgi Hafsteinn í nýjum samráðshópi heilbrigðisráðherra

Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra hefur skipað samráðshóp til að vinna áætlun um aðgerðir í krabbameinsmálum til fimm ára. Niðurstöður hópsins eiga að liggja fyrir í lok apríl og hyggst ráðherra leggja slíka aðgerðaáætlun fyrir Alþingi sem tillögu til þingsályktunar haustið 2024.

Undanfarin ár hafa verkefni og aðgerðir sem ráðist hefur verið í á sviði krabbameinsmála byggt á tillögum ráðgjafahóps heilbrigðisráðherra sem vann að mótun íslenskrar krabbameinsáætlunar og skilaði tillögum sínum árið 2016. Áætlunin tekur til margra þátta, s.s. faraldsfræði krabbameina, skráningar, forvarna og rannsókna.

Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra segir að krabbameinsáætlunin hafi reynst góður grunnur til að byggja á aðgerðir í málaflokknum. Nú sé hún komin til ára sinna og tímabært að móta nýja áætlun um aðgerðir til næstu ára. Í þeirri vinnu verði byggt á fyrri áætlun eftir því sem efni standa til en jafnframt tekið mið af þróuninni sem orðið hefur á þessu víðfeðma málefnaviði á undanföllum árum: „Ég tel mikilvægt að aðgerðaáætlunin verði mótuð í breiðu og víðtæku samráði.



Helgi Hafsteinn Helgason.
Mynd: HSU.

Þá er einnig brýnt í jafn mikilvægum málaflokki og hér um ræðir, sem tengist inn á mörg svið samfélagsins og varðar lýðheilsu þjóðarinnar að tryggja umfjöllun og stuðning Alþingis. Þess vegna hyggst ég leggja þessa áætlun fram sem tillögu til þingsáætlunar og stefni á að það verði næsta haust“ segir Willum Þór.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands á fulltrúa í samráðshópnum, Helga Hafstein Helgason krabbameinslækni og yfirlækni Lyflækningadeildar á Selfossi. Hann mun einnig flytja erindi um krabbameinslækningar á Suðurlandi á Nýsköpunar- og vísindadegi HSU þann 20. febrúar. Öll eru hjartanlega velkomin og aðgöngur ókeypis.

HSU



Grímsvötn 1951.
Ljósmynd: Roger McLassus.

Grímsvatnahlaupi að ljúka

Frá því að Grímsvatnahlaup náði hámarki í síðustu viku hefur vatnshæð farið lækkandi og er orðin svipuð og hún var fyrir hlaup. Hlauprói sem mældist á jarðskjálftamæli á Grímsfjalli hefur sömuleiðis lækkað og er kominn í eðlilegt horf. Þegar þetta er ritað hefur 21 jarðskjálfti mælst í Grímsvötnum síðan í síðustu viku, þar af tveir yfir tveimur að stærð.

Líkur á eldgosi í kjölfar þrýstílétts eftir að vatn flæddi úr Grímsvötnum töldust auknar og var fluglitakóði fyrir eldstöðina færður upp á gult, en þar sem að jökulhlaupinu er lokið hefur kóðinn verið færður aftur niður á grænt.

Aflétting riðuhafta í Landnámshólfi

Um síðustu áramót voru liðin 20 ár frá því að riðuveiki greindist síðast í Landnámshólfi. Riðuhöftum sem í gildi hafa verið í hluta Landnámshólfs var því aflétt 1. janúar 2024. Þau svæði sem skilgreind voru sem sýkt svæði, þ.e. Sveitarfélagið Ölfus, Hveragerði, Árborg og Grafningur, teljast nú vera ósýkt svæði.

Til frekari glöggvunar þá afmarkast Landnámshólf af þremur varnarlinum: Að norðan afmarkast hólfíð af Hval-

fjarðarlínu, sem liggur úr Hvalfirði við Múlafjall um Hvalvatn að Kvígindisfelli að Brunnnum við Uxahryggi í Hrúðurkarla við Þórisjökul.

Að sunnan afmarkast hólfíð af Hvítarlínu, sem er Ölfusá, Hvítá að Jökulfalli og síðan Jökulfall og Jökulkvísl að Blágnípukli.

Að austan afmarkast hólfíð af Sogs- og Bláskógalínu, sem er Sogið frá Ölfusá um Þingvallavatn og úr því um Ármannsfell í Hvalfjarðarlínu við Kvígindisfell.



Úr Hrunaréttum 2015. Ljósmynd: Guðbjörg Helga Sigurðsdóttir.

Þú Árnesþing

Skeiða- og Gnúpverjahreppur er lýsandi nafn

Nú bregður svo við að hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps er óánægð með nafn sveitarfélagsins og vill að íbúarnir sameinist um einfaldara nafn. Sveitarstjóri segir „að breyta þurfi nafni sveitarfélagsins þar sem nýtt nafn beri sterkari tengingu til staðsetningar á Íslandi, sé þjálfa í notkun og gegni mikilvægu hlutverki í því að skapa ímynd sveitarfélagsins til framtíðar.“



sýslunni svona og landgæðum í leiðinni:

Grímsnesið góða
og Gullhrepparnir,
Sultartungur
og Svartí-Flói.

Hvað hreppsnefndin í Skeiða- og Gnúpverjahreppi er að hugsa veit ég ekki, og mér er til efs að hún hafi hugsað þetta til botns? Kannski Þjórsárbyggð, Ólafsvallabyggð eða Gauksbyggð? Flóamenn í ofanverðum Flóanum völdu Flóahrepp sem er lýsandi fyrir byggðina. Svo eigum við saman framtíðarnafnið Árnesþing sem héraðsskálidið Eiríkur Einarsson frá Hæli nefndi svo í Þjóðsöng okkar Árnesinga. „Þú Árnesþing, ég elska nafnið þitt.“ Árnesþing er auðvitað nafnið sem verður stjórnsýslueiningin þegar Árnessýsla verður orðin eitt sveitarfélag. Hvað sem Elliði vinur minn í Þorlákshöfn, Egils Thorarensen og Kaupfélagsins segir. Og Þorlákur Helgi í Skálholti kinkar kolli við þessa bæn mína, enda eini maðurinn á Íslandi sem tekinn hefur verið í helgra manna tölu. Árið 1984 útnefndi páfastóll hann verndardýr Íslands. Hvort sameiningin mælir tíu ár eða tuttugu ár þá mun hún verða, spái ég með ungu og framsýnu félagsmálafólki. Höfundur greinarnar, eins og Eiríkur á Hæli, elskar nafnið Árnesþing. Lagið Sigurðar í Birtingaholti og ljóð Eiríks sem Karlakórar Hreppamanna og Karlakór Selfoss syngja af innlifun svo unun er á að hlýða, Þú Árnesþing.

Oft var þörf en nú er nauðsyn hér að taka á móti fólki, ekki síst af höfuðborgarsvæðinu og af Suðurnesjum eins og horfir þar næstu áratugi. Og hingað liggur straumurinn í dag. Höfuðborgarsvæðið mun færast hér austur fyrir fjall í Árnesþing og Rangárþing í vaxandi mæli eins og nú horfir. Byggðin okkar er öll í vexti í Árnesþingi og Rangárþingi, förum því varlega með nýjar nafngiftir á sveitarfélögunum.

Árnessýslumegin er Bláskógabyggð mest úr takti en venst ágætlega, því menn tala um Biskupstungur, Laugardal og Þingvelli og kenna menn við þá búsetu. Árborg er gott heiti á sameinuðu sveitarfélagi, þar eru menn enn Eyrbekkingar, Stokkseyringar og Selfyssingar og kenndir við Sandvíkurhrepp. Nú veit ég ekki hvað vakir fyrir hinum vaska oddvita og sveitarstjóra Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Haraldi Þór Jónssyni? Er hann að hugsa um „krúttlegt nafn“, eins og krakkararnir segja? Ég hef vanist því frá barnsaltri að tala um Skeiðamenn og Gnúpverja og geri það enn og nafnið getur ekki hljómað betur. Svo eru það Gullhrepparnir og Hreppamenn, tel ég alltaf að talað sé bæði um Hrunamenn og Gnúpverja? Ögmundur Pálsson biskup lýsti

Guðni Ágústsson

Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru auglýstar eftirfarandi deiliskipulagstillögur (1og 2):

Skipulagsnefnd Árborgar hefur um nokkurt skeið horft til þess að reyna að þetta byggð, þar sem þess er kostur. Hefur verið horft sérstaklega til auðra lóða sem einhverra hluta vegna hafa staðið þannig árum saman í þegar byggðum hverfum. Í einhverjum tilfellum hafa umræddar „lóðir“ verið leiksvæði, sem í áranna rás hafa ekki verið nýttar. Nefndin telur að það sé ávinningur fyrir sveitarfélagið Árborg, að það séu byggð hús á lóðunum, innan um önnur íbúðarhús, og myndist þá heildstæð götumynd á hverju svæði fyrir sig.

1. Lágengi 2-20 - Deiliskipulag íbúðabyggðar.

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum 17. janúar 2024, deiliskipulagstillögu fyrir götumyndina Lágengi 2-20 á Selfossi. Meginmarkmið tillögunnar er að ná utan um götumynd og þá sérstaklega auða lóð, með það að markmiði að þetta byggð og skapa heildstæða götumynd í þegar byggðum hverfum.

Lóðin Lágengi 10, er 750 m² að stærð. Gert er ráð fyrir að heimilt verði að byggja á umræddri lóð allt að 225 m² einbýlishús, með eða án bílskúrs, og er þá miðað við nýtingarhlutfallið 0.3. Mesta leyfilega veggghæð verður 4m og hámarks-mænishæð 6m. Tillagan er í samræmi við Aðalskipulag Árborgar 2020-2036.

2. Reyrhagi 2-20 - Deiliskipulag íbúðabyggðar.

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum 17. janúar 2024, deiliskipulagstillögu fyrir götumyndina Reyrhaga 2-20 á Selfossi. Meginmarkmið tillögunnar er að ná utan um götumynd og þá sérstaklega auða lóð, með það að markmiði að þetta byggð og skapa heildstæða götumynd í þegar byggðum hverfum.

Lóðin Reyrhagi 8, er 584 m² að stærð. Gert er ráð fyrir að heimilt verði að byggja á umræddri lóð allt að 172,5 m² einbýlishús, með eða án bílskúrs, og er þá miðað við nýtingarhlutfallið 0.3. Mesta leyfilega veggghæð verður 4 m og hámarks-mænishæð 6 m. Tillagan er í samræmi við Aðalskipulag Árborgar 2020-2036.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillögurnar á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni [www.arborg.is](#)

Deiliskipulagstillögur nr. 1. og 2. eru auglýstar með athugasemdafresti frá 24. janúar, til og með 6. mars 2024. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar, og er frestur til að skila inn athugasemdum til og með 6. mars 2024.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, 800 Selfossi, eða netfangið [skipulag@arborg.is](#)

Í samræmi við 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er ákvörðun stjórnvalds kærana- leg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllst,
Rúnar Guðmundsson skipulagsfulltrúi

ÞJÓNUSTA



S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddy ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta



Viltu vekja
athygli á Suðurlandi?

Hafðu samband og fáðu
tilboð í auglýsingar í blaðið
og á vefinn.

Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is



FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA
FEBSEL

Opin fimmtudaginn
25. janúar kl. 13-14:30.

OPIÐ HÚS

Fim. 25. janúar kl. 14:45.
Heimildarmynd
Anna Dalmay sýnir
heimildarmynd um félag eldri
borgara á Selfossi.
Kvenfélagið annast
kaffi að venju.

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

Opið mán kl. 11 til 15
miðv. kl. 11 til 15
föstud. kl. 11 til 14.
sími 482 1022
gsm 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedzialek i czwartek i sobota
godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800
Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

BÍLAR



Gagnheiði 11 - 800 Selfossi
Sími 482 2200 - GSM 894 2277 - Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

KIRKJA

Selfosskirkja

Messa með altarisgöngu klukk-
an 11:00. Séra Ása Björk præ-
dika og þjónar fyrir altari, Edit
Molnár organisti og kirkjukórinn
leiða sönginn, Huguína Birna
Hjaltadóttir fiðlunemandi við
Tónlistarskóla Árnesinga leikur í
messunni. Öll hjartanlega vel-
komin.

Sunnudagaskólinn á sama
tíma í safnaðarheimilinu undir
stjórn Sjafnar og leiðtoganna.

Skálholtsdómkirkja

Lesmessa kl. 11. Prestsþjónusta
Axel Á Njarðvík. Verið velkomin.

Hrepphóla kirkja

Kirkjuskóli laugardaginn 27. jan.
kl. 11. Mýsla, Rebbl, Biblúsaga
og mikill söngur. Verið öll vel-
komin!

Ólafsvallakirkja

Guðsþjónusta sunnudaginn 28.
jan. kl. 11. Kirkjukórinn syngur
undir stjórn Þorbjargar
Jóhannsdóttur. Verið öll vel-
komin!

Hrunakirkja

Dægurlagamessa sunnudaginn
28. jan. kl. 20. Kirkjórinn syngur
hugljúf dægurlög og sálma undir
stjórn Eyrúnar Jónsdóttur.
Verið öll velkomin!

Þorláksskirkja

Guðsþjónusta kl. 20:00 - Létara
form. Kór Þorlaks- og Hjallakirkju
leiðir almennan safnaðarsöng
við undirleik Esterar Ólafsdóttur,
organista. Sigríður Munda
Jónsdóttir, sóknarprestur þjónar.
Verum öll velkomin.

Hvítasunnukirkjan Selfossi

Austurvegi 40B. Sunnudagar:
Samkoma, sunnudagaskóli og
kaffiveitingar kl. 11:00. English
translation available.
Mánudagar: Bæn og lestur kl 17.
Miðvikudagar: Unglingasam-
komur fyrir 13 ára og eldri kl. 20.
Fimmtudagar: HeiVá MINI 10-12
ára kl. 14-15.
Allir innilega velkomnir.
www.selfossgospel.is

Safnaðarheimili Aðventista

Eyrarvegi 67, Selfossi. Laugar-
daginn 27. janúar. Biblíurannsókn
kl. 11.00, Harri Guðmundsson.
Guðsþjónusta kl. 12.00. Einar
Valgeir Arason prédikar. Allir
hjartanlega velkomnir. Söfnuður
aðventista í Ánessýslu.

FUNDIR

Vöflukaffi

Vöflukaffi laugardaginn
27. janúar kl. 11-12 að
Eyravegi 15, gestur verður
læsa Marsibil Jónsdóttir,
sveitarstjóri í Grímsnes-
og Grafningshreppi.
Mínum einnig á spila-
kvöld á sama stað mánu-
daga kl. 19:30.

Loksins Þorrablót
í Hveragerði

Íþróttafélagið Hamar kynnir
í með einstaklega miklu stolti
og eftirvæntingu. Hveragerðis-
blótið 2024! Loksins, loksins,
loksins.

Þann 10. febrúar næstkom-
andi verður Þorrablót í Íþróttahúsi
Hveragerðinga. Húsið opnar
klukkan 19:00, borðhald hefst
klukkan 20:00 og verður mat-
urinn frá Kjötbúrinu, allt þetta
súra, ferska og læri og með því
sem það þiggja.

Hinn eini sanni og óvið-
jafnanlegi Örn Árnason mun
stýra veislunni af sinni alkunnu
sníld eins og honum einum er
lagið. Aukinheldur verða fastir

liðir eins og venjulega: minni
karla og minni kvenna, annáll
ársins, ræðumaður kvöldsins,
fjöldasöngur, gömlu dansarnir,
harmonikkuleikur, happdrætti
og margt margt fleira.

Dansleikurinn verður síðan í
öruggum höndum látúnsbarkans
Matta Matt og okkar eigin Unnar
Birnu ásamt danssveit Hvera-
gerðisprestakalls.

Forsala miða hefst 24. janúar
klukkan 17:00 hjá Villunum
í Shell-skálanum á 11.500 kr.
miðinn. Forsala á tix.is hefst 25.
janúar klukkan 17:00 á 11.900
kr.

Nú er loksins komið að því
og reikna má með að kofinn fyll-
ist fljótlega, því ætti fólk ekki að
bíða of lengi með miðakaup ef
það vill tryggja sér sæti. Áfram
Hamar!

Hlökkum til að sjá ykkur.

Fréttatilkynning frá Hamri



Vinningshafarnir ásamt Inghjörgu Etnu, Hauki Guðmundssyni (t.v) og Guð-
jóni Guðmundssyni, eigendum Árvirkjans. Ljósmynd: Selfoss.net.

Grindvíkingar fengu
fyrsta vinning

Skömmu fyrir jól var dregið í
Sjólhappdrætti unglingaráðs
knattspyrnudeildar Selfoss. Í
aðalvinning var sjónvarp frá
Árvirkjanum sem kom á miða
númer 3682 og voru handhafar
þess miða þau Ágúst Þór Ing-

ólfsson og Kristín Elísabet Páls-
dóttir frá Grindavík. Þau höfðu
keypt miðann til styrktar barna-
barni sínu, Inghjörgu Etnu Ing-
ólfssdóttur, leikmanni 6. flokks
kvenna hjá Selfoss.



Umbúðir



Almenn
prentun



Bækur



Límliðar



Stimplar

Prentmet Oddi ehf. | Eyravegi 25, 800 Selfoss
482 1944 | selfoss@prentmetoddi.is

Selfyssingar blóta í 21. sinn

Myndir: Viðburðarstofa Suðurlands.



Grunnskólinn á Helli stækkar



Ný viðbygging grunnskólans á Helli var tekin í notkun í byrjun skólaárs og þykir hún einkar vel heppnuð. Rýmið er hjart og rúmt og eru kennarar jafnt sem nemendur afar ánægðir með aðstöðuna.

Unnið hefur verið að fínþússun en frágangi er að

mestu lokið og húsnaðið komið í fulla notkun. Þann 19. janúar síðastliðinn var opið hús þar sem öllum stóð til boða að skoða nýbygginguna þar sem nokkur fjöldi gesta mætti til að skoða húsakynninn, njóta veitinga og spjalla við stjórnendur og starfsfólk.

Nýr og glæsilegur klifurkastali var einnig reistur á leiksvæði skólans nýlega, börnunum til mikillar ánægju. 2. áfangi stækkunar Helluskóla er einnig hafinn sunnan megin við skólann og gengur þar allt samkvæmt áætlun.

Nýr markaðs- og kynningafulltrúi tekinn til starfa í Rangárþingi ytra



Jón G. Valgeirsson býður Ösp velkomna til starfa.

Ösp Viðarsdóttir hefur tekið við starfi markaðs- og kynningafulltrúa hjá Rangárþingi ytra. Hún tekur við af Eiríki Vilhelm Sigurðarsyni

sem hefur sinnt starfinu farsælega síðastliðin 8 ár. Ösp segist hlakka til að takast á við fjölbreytt verkefni í samstarfi við starfsfólk og íbúa.

Nýr byggðapróunarfulltrúi í Skaftárhreppi

Nýr byggðapróunarfulltrúi hefur tekið til starfa í Skaftárhreppi. Unnur Einarisdóttir Blandon hefur tekið að sér að sinna hlutverki byggðapróunarfulltrúa og tók hún til starfa í byrjun janúar. Unnur er með aðstöðu á skrifstofu sveitarfélagsins á Kirkjubæjarklaustri.

Hlutverk byggðapróunarfulltrúa er ýmskonar en helst má nefna að sinna ráðgjöf og handleiðslu á sviði atvinnuþróunar, nýsköpunar og menningar. Einnig sinnir fulltrúinn þekkingar- og upplýsingamiðlun, safnar og greinir upplýsingar um þróun

byggðar og sinnir ýmsum svæðisbundnum byggðapróunarverkefnum, með áherslu á sitt svæði.



Unnur Einarisdóttir Blandon.

Sprettur
ÁBURÐUR

Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

HREINGERINGA-
þjónusta Suðurlands ehf.

Allar ræstingar
Steinteppahreinsun, teppahreinsun,
bón, gluggahreinsun o.fl.
Sími 897 8444

Freint um allt Suðurland

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Þar sem
lagmennirnir vinna

★★★★★
Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

BRAC AF VINATTU!

Fæst hjá
BYKO Selfossi

expert
kæling

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápa viðgerðir - Almennar rafþagnir

HSH
þrif og flutningar ehf
Breiðumýri 3 Selfossi
Hefur opnað þvottahús,

Þvottur- og leiga á líni-,
ræstingar, þrif og
flutningaþjónusta
Uppl. í síma 792-1727 eða
hshflutningar@gmail.com

HSH

Ökukennsla
Kristinn M. Bárðarson
S: 896-5798 / 777-5798

Beinskiptur /
Sjálfskiptur bíll

Lagnabjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

Lagnabjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600
www.heyren.is

NÝTT

Vinnuvélanámskeið
á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

LAGNIR

ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

Tækniþjónusta
Suðurlands ehf.
Selfossi

Sjónvarpskerfi
fyrir hótél og gistihús
Öryggiskerfi
Eftirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Símkerfi o.fl.

Sérhæfing - Þekking - Reynsla

Gunnar **Vilmundur**
Guðmundsson **Sigurðsson**
Sími 694 4922 Sími 779 6777

VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980